

Heimajarðgerð – Góður kostur!

Fræðslufundur um heimajarðgerð og kynning á jarðgerðarílátum verður í Fólkvangi, félagsheimili Kjalnesinga, þann 7. maí kl. **19:30-21:30**. Jarðgerð á lífrænum úrgangi bæði úr garðinum og eldhúsinu hentar mörgum heimilum. Heimajarðgerð er ekki einungis góður kostur til að losa sig við þess konar úrgang heldur einnig vegna þess að úr honum verður til næringarrík molta sem hentar einstaklega vel sem jarðvegsbætir og til áburðargjafar m.a. í beð og á grasflatir.

Styrkur til heimila

Reykjavíkurborg mun styrkja heimili á Kjalarnesi um 15.000 kr. til kaupa á jarðgerðaríláti. Á kynningarfundinum verða nokkur ílát sem borgin hyggst styrkja kaup á til sýnis.

Það er von okkar að sem flestir sjái sér fært að mæta, fræðast um heimajarðgerð og taka þátt í að gera Kjalarnes sjálfbærara og umhverfisvænna samfélagi.

Kynning í Fólkvangi Kjalarnesi þann 7. maí kl.19:30-21:30.

Fróðleikur:

Lífræn efni sem til falla í garðinum og eldhúsinu má með einföldum hætti jarðgera og nýta sem jarðvegsbæti og áburðargjafa, m.a. í beð og á grasflatir. Jarðgert lífrænt efni er yfirleitt kallað molta eða safnhaugamold og inniheldur hátt hlutfall næringar- og húmusefna. Þessi efni skapa jákvæð skilyrði í jarðvegi fyrir örverur, sveppi og jarðvegsdýr og stuðla þannig að auknu heilbrigði gróðurs, m.a. getu til að bregðast við sjúkdómum, meindýrum og öðrum áföllum.

Minni sorplosun

Þeir sem jarðgera draga verulega úr magni sorps frá heimilinu en áætlað er að um 30-50% af heimilissorpi sé lífrænt og endurnýtanlegt. Jarðgerð stuðlar að aukinni sjálfbærni, dregur úr sorpmagni og tilheyrandi mengun, m.a. við flutning, urðun eða brennslu sorps.

Jarðgerðartunnur

Nota má ýmsar aðferðir og ílát við jarðgerð en flestum meðalstórum heimilum hentar að nota svokallaða jarðgerðartunnu eða sambærilegt ílát sem rúmar um 100-300 lítra. Jarðgerðartunnur eru yfirleitt með lokuðum botni og opnanlegar að ofan. Flestar tunnur eru útbúnar með hlera á neðri hluta tunnunnar til að auðvelda losun. Kostur þess að nota jarðgerðartunnu er að niðurbrotsferlið tekur mun skemmri tíma en t.d. við notkun á opnum timburkössum. Ástæðan er m.a. sú að meiri hiti myndast í tunnunni en í opnum kassa.



Grænt Kjalarnes

Í tengslum við Grænt Kjalarnes hefur Reykjavíkurborg ákveðið að bjóða íbúum á Kjalarnesi til kynningar á jarðgerð og jarðgerðartunnum. Á kynningunni munu sérfræðingar frá EFLU verkfræðistofu fara yfir grunnatriði heimajarðgerðar, m.a. hvaða hráefni má nýta í jarðgerð og hvernig best er að standa að jarðgerðinni.

Á svæðinu verða til kynningar jarðgerðartunnur. Gert er ráð fyrir að Reykjavíkurborg muni niðurgreiða jarðgerðartunnur fyrir íbúa á Kjalarnesi.

Kynningin verður haldin í Fólkvangi 7. maí nk. klukkan 19:30-21:30

Það er von okkar að sem flestir sjái sér fært að mæta, fræðast um heimajarðgerð og taka þátt í að gera Kjalarnes sjálfbærara og umhverfisvænna samfélagi.